

Ed.

364. Breytingartillögur

[149. mál]

við frv. til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Í stað „skyldan atvinnurekstur“ komi: tengdan atvinnurekstur.
2. Við 3. gr., 1. lið. Í stað „1575 milljónum króna“ komi: 1980 milljónum króna.
3. Við 4. gr., síðustu málsgr. Orðin „Hlutabréfin skulu undanþegin stimpilgjöldum“ falli niður.
4. Við 7. gr., 2. málsgr. orðist svo: Verði lagareglum um tekjuskatt og eignarskatt eða önnur opinber gjöld breytt frá því, sem nú er, skal hlutafélagið jafnan eiga sama rétt og aðrir íslenskir aðilar, sem hafa hliðstætt rekstrarform og stunda hliðstæða starfsemi, til að njóta þeirra hlunninda, sem um er að ræða eftir hinum breyttu reglum, og því ekki íþyngt með álögum umfram þessa aðila.
5. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar við Grundartanga af hennar völdum, og skulu hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi mengunarvarnir og öryggi, náttúruvernd, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað og þá staðla, sem settir eru samkvæmt þeim.

Áður en framleiðsla hefst skal á kostnað fyrirtækisins og samkvæmt tillögum Náttúruverndarráðs gerð líffræðileg athugun á umhverfi verksmiðjunnar, þannig að fylgjast megi með áhrifum hennar á lífríkið.
6. Á eftir 11. gr. komi ný grein:

Við járnblendiverksmiðjuna starfi samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.